

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



Dags eftirlits	17.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Matfugl - Melavellir	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn V. Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Matfugl að Melavöllum. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 3. apríl 2017 og gildir til 3. apríl 2029. Heimilt er að endurskoða starfsleyfið á fjögurra ára fresti. Hámarksstærð búsins er gefin upp 132.000 eldisstæði.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
- Áhættumat
- Lyktarstjórnun, mælingar
- Dreifing áburðar
- Áætlanir
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Fylgiskjöl

1. Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og ein ábending var sett fram. Báðum frávikum hefur verið lokað og bregðist var við ábendingu.

2. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 132.000. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað inn 30. apríl 2025. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi en ekki vottað. Engin lyf eru notuð í búinu. Einu efnin sem notuð eru eru hreinsiefni, engin spilliefni, allt skráð í græna bókhaldið.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunavarnareftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Matfugl sendi inn þann 30. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2024 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,29 kg/stæði á ári sem er innan heimilaðra marka samkvæmt BAT.

Heildarlosun fosfórs sem úrgangsefni var 0,029 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT. Framkvæma skal útreikninga eða efnagreiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs einu sinni á ári skv. BAT 24.

Matfugl sendi einnig inn þann 30. apríl 2025 útreikninga á losun ammóníaks skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 er heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,02 kg/stæði á ári sem er innan heimilaðra marka samkvæmt BAT.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Rekstraraðili er með áætlun um rekstrarstöðvun og viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Melavelli og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum

rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.

Reykjavík, 12.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir